

Félag um menntarannsóknir
Ársskýrsla 2007 til 2008

Í stjórn Félags um menntarannsóknir eru:

Amalía Björnsdóttir, dósent við KHÍ, formaður
Gerður G. Óskarsdóttir, sjálfstætt starfandi fræðimaður, ritari
Eyrún M. Rúnarsdóttir, HÍ, gjaldkeri
Meyvant Þórólfsson, lektor við KHÍ, meðstjórnandi og vefumsjónarmaður
Sigurlína Davíðsdóttir, dósent við HÍ, meðstjórnandi
Sigurjón Mýrdal, menntamálaráðuneytinu, meðstjórnandi

Varamaður:

Ragnar F. Ólafsson, Námsmatsstofnun

Markmið félagsins samkvæmt lögum eru þessi:

Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi með því að:

skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf
stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi
efla tengsl og samstarf félaganna
stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis- og menntamálum
hér á landi og erlendis
efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á
menntamálum
skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir.

Félagsmenn eru 321 í febrúar 2008 og hefur þeim fjölgað um tug á síðustu tveimur árum.

Hér verður gerð grein fyrir því hvernig stjórn félagsins vann að þessum markmiðum.

Heimasíða félagsins

Heimasíða félagsins hefur verið uppfærð reglulega og settar inn fréttir og upplýsingar. Meyvant Þórólfsson hefur séð um heimasíðuna og er nú t.d. þar að finna upplýsingar um ráðstefnur í menntamálum víðsvegar í heiminum.

Póstlistinn

Póstlistinn fum@khi.is hefur verið notaður til að koma á framfæri tilkynningum um fundi félagsins og upplýsingum um áhugaverðar ráðstefnur. Nokkrum erfiðleikum er bundið að halda utan um breytingar á netföngum og er mikilvægt að félagsmenn

tilkynni um breytt netföng.

Námskeið

Laugardaginn 3. nóvember hélt FUM stutt hagnýt námskeið í Kennaraháskóla Íslands og þóttu þau takast vel. Baldur Sigurðsson kynnti leyndardóma Word, Kristín Helga Guðmundsdóttir var með námskeið um N-Vivo (forrit til að vinna úr gögnum í eigindlegum rannsóknum) og Almar Halldórsson kenndi á Excel.

Ráðstefna 23. febrúar.

Þann 23. febrúar 2008 var þriðja ráðstefna félagsins haldin í Kennaraháskóla Íslands í samstarfi við afmælisnefnd vegna 100 ára afmælis Kennaraháskóla Íslands. Um 30 erindi voru flutt í málstofum. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Kennaramenntun í 100 ár* → *Nám og lýðræði á 21. öldinni* Aðalfyrirlesari var Dr. Penelope L. Lisi prófessor við Central Connecticut State University, Department of Educational Leadership. Erindi sitt kallaði hún, *If the Mission of Schools is Student Learning, Will Democratic Principles Help Us Get There?*

Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar voru stjórnarmennirnir Amalía Björnsdóttir, Eyrún M. Rúnarsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. En auk þeirra sat í undirbúningsnefnd Kristín Dýrfjörð.

Styrktaraðilar ráðstefnu FUM árið 2005 voru: Menntamálaráðuneytið, Kennaraháskóli Íslands og Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Þátttakendur á ráðstefnunni voru um 80. Ráðstefnan þótti takast afar vel.

Tímarit

Fjórða tölublað tímarits Fum, „Tímarit um menntarannsóknir“ kom út. Ritstjóri þess var Ragnar F. Ólafsson. Í ritstjórn sátu auk hans þau Anna Þóra Baldursdóttir, Gretar L. Marinósson, Hafdís Ingvarsdóttir, Jón Torfi Jónasson og Kristín Jónsdóttir. Í samræmi við markaða stefnu stjórnar og ritstjórnar var tímaritið ritrynt og faglegar kröfur hafðar í fyrirrúmi. Einnig urðu þau tímamót árið 2007 að sótt var um aðild að EBSCO gagnasafninu. Reiknað er með að útdrættir á ensku komi inn í bankann strax eftir útkomu hvers heftis, en greinar á íslensku eftir um níu mánuðum frá útkomu heftis. Aðildin sjálf er án endurgjalds, en greiða þarf fyrir aðgang að safninu.

Stefnu og framkvæmdaáætlun næsta árs.

Fráfarandi stjórn leggur til að lögð verði áhersla á eftirfarandi stefnu- og áhersluatriði:

Afla peninga til að byrja vinnu við íðorðasafn á sviði uppeldis- og menntamála.

Gefa út tímarit ár hvert.

Halda ráðstefnu annað hvert ár.

Standa fyrir námskeiðum um efni tengt rannsóknum og rannsóknaraðferðum annað hvert ár.

Leita leiða við að virkja aðra félagsmenn til þátttöku í umræðum og skoðanaskiptum.